



Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Bíldudal, þann 1. september 2011, kl 21.00

Mætt voru til fundar Albertína Fr. Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Jón Jónsson, Ómar Jón Jónsson og Sigurður Pétursson. Einnig sátu fundinn framkvæmdastjóri Aðalsteinn Óskarsson og Díana Jóhannsdóttir starfsmaður FV.

1. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 30. ágúst 2011

Afgreiðslu fundargerðar frestað.

2. Undirbúningur 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga

- a. Dagskrá 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga
Lögð fram dagskrá 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga, dagskráin hafði áður verið send út með tölvupósti og samþykkt þar. Dagskrá samþykkt.
- b. **Stoðkerfi atvinnu og byggðar á Vestfjörðum**
Farið var yfir það verklag sem starfsmenn FV lögðu til að yrði notast við á Fjórðungsþinginu. Ákveðið var að skipta sveitarstjórnarfulltrúum í fjóra hópa sem undir handleiðslu starfsmanna Atvest, FV og NMÍ færu yfir framtíðarsýn sína á stoðkerfi atvinnu og byggðar á Vestfjörðum. Málinu yrði því næst vísað til Fjórðungsmálanefndar sem þar sem farið væri yfir niðurstöður hópavinnunar, kosið yrði svo milli tveggja tillagna, samstarfs og sameiningar. Verklagið var samþykkt.
- c. **Sóknaráætlun landshluta**
Rætt um framkvæmd forgangsroðunar tillagana sóknaráætlunar landshluta. Starfsmenn FV lögðu fram tvær tillögur, annars vegar að allir sveitarstjórnarfulltrúar hefðu jafnan atkvæðisrétt og hins vegar að notast yrði við vægi með vogtölum sem gefið er í lögum Fjórðungssambandsins. Samþykkt að leggja fram tillögu um jöfn atkvæði þingfulltrúa, yrði sú tillaga felld verði tillögum forgangsraðað samkvæmt lögum sambandsins. Þá mun stjórn leggja fram tillögu að ályktun þess efnis að stjórn verið falið að vinna að framgangi þeirra tillagna sem ekki komast inn í sóknaráætlun enda hluti af ályktun þingsins.
- d. **Ársreikningur 2010**
Framkvæmdastjóri lagði fram ársreikning ársins 2010, sem var samþykktur af stjórn.

Fundi slitið 00.30